

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1937.

Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar mánudaginn 15. febrúar 1937, undirskrifað af konungi 26. janúar 1937 (nr. 1).

Konungsbréf um setning Alþingis, undirskrifað af konungi sama dag (nr. 2).

Auglýsing um reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík, undirskrifuð af kennslumálaráðherra 8. febrúar 1937 (nr. 3).

Lög um framlenging á gildi laga nr. 49, 7. apríl 1936, um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26, 1. febrúar 1936, um alþýðutryggingar, undirskrifuð af konungi 1. apríl 1937 (nr. 4).

Lög um breyting á lögum nr. 99, 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, undirskrifuð af konungi 14. apríl 1937 (nr. 5).

Opið bréf um að Alþingi, sem nú er, sé rofið, undirskrifað af konungi 20. apríl 1937 (nr. 6).

Opið bréf um nýjar kosningar til Alþingis, undirskrifað af konungi sama dag (nr. 7).

Lög um breyting á lögum nr. 18, 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis, undirskrifuð af konungi 22. apríl 1937 (nr. 8).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 13. febrúar 1937 (nr. 9).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 16. marz 1937 (nr. 10).

Lög um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnotaveiði í landhelgi, undirskrifuð af konungi 26. apríl 1937 (nr. 11.).

Lög um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar, undirskrifuð af konungi 12. maí 1937 (nr. 12).

AUGLÝSING

um bann við umferð bifreiða.

1

18. jan.

Samkvæmt 51. gr. vegalaganna nr. 101, 19. júní 1933, er heimilt að banna umferð um vegi þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á vegum.

Vegna þeirrar nauðsynjar, sem teljast verður á því að vernda vegina fyrir umferð, sem getur valdið skemmdum á þeim, sem ef til vill gera vegina lítt færa marga daga, hefir ráðuneytið ákveðið, að slíkt bann megi einstaka daga eða nokkra daga í einu á tímabilinu fram til 10. júní 1937 leggja við bifreiðaumferð um þjóðvegi og sýsluvegi hvar sem er á landinu.

Heimilast vegamálastjóra, að fengnum upplýsingum frá áreiðanlegum mönnum í héraði, þegar talið er að vegurinn liggji mjög undir skemmdum vegna bleytu eða holklaka, að auglýsa bann við bifreiðaumferð um vegina og setja nánari ákvæði um framkvæmd bannsins.

Bann þetta nær þó ekki til bifreiðaumferðar til læknisvitjunar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. janúar 1937.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.